

Tónlist á Kópasteini

•Dans
Hristihrist

Mars – maí 2021

•Lög víða að úr heiminum

Aa Pupa (Litháen)

Che, che kule (Ghana)

Meistari Jakob (Héðan og þaðan)

Rósagarðurinn (Lettland)

•Vorlög

Allra veðra von

Ef væri ég söngvari

Komdu út að leika

Lóan er komin

Með vindinum þjóta skúraský

Sá ég spóa

Skýin

Vertu til er vorið kallar á þig

Vikivaki

Vorvísa

Vorvindar glaðir

Zum gali

•Hin og þessi lög

Allir hafa eitthvað til að ganga á

Ég er rauður lítill héri

Ég segi stopp

Glaðasti hundur í heimi

Inni í skógi

Kópavogslagið

Tónlistin er þín

Uppi á grænum hól

Við erum dropar

•Þulur

Græn eru lafin og grasið sem grær

Kroppaklapp I

Krummi anginn

LÖG VÍÐA AÐ ÚR HEIMINUM

Aa Pupa (Litháen)

Aa, aa, pupa, kas ta pupa supa?

,:Supa tetis ir mama,
ir katyte murzina,:

Aa, aa, litla barn, hver er þér að rugga?

,:Mamma´og pabbi rugga þér
og líka góða kisa,:

Che, che, kule (Ghana)

Einsöngur: Che, che kule

Allir endurtaka

Einsöngur: Che, che kofisa

Allir endurtaka

Einsöngur: Kofisa langa

Allir endurtaka

Einsöngur: Kaka shi langa

Allir endurtaka

Einsöngur: Kum adende

Allir endurtaka

Allir endurtaka aftur og hey!

Hendur á höfuð x2

Hendur á axlir x2

Hendur á mjaðmir x2

Hendur á hné x2

Gríptu um ökkla x2

Gríptu um ökkla – HEY!

Meistari Jakob

Íslenska:

Meistari Jakob x2

Sefur þú? X2

Hvað slær klukkan? X2

Hún slær þrjú x2

Danska:

Mester Jacob x2

Sover du? X2

Hörer du ej klokken? X2

Bim, bam, bum x2

Franska:

Frère Jacques x2

Dormez-vous? X2

Sonnez-vous les matines? X2

Ding, dang, dong x2

Enska:

Are you sleeping? X2

Brother John x2

Morning bells are ringing x2

Ding, dang, dong x2

Pólska:

Panie Janie x2

Rano wstan x2

Wszystkie dzwony bija x2

Bim, bam, bum x2

Spænska:

Martinillio x2

Dondé estás? X2

Toca la campana x2

Bim, bam, bum x2

Indíanamál:

Fosin jako x2

Nisbetja x2

Timbatire linso x2

Tom, peng, pung x2

Rósagarðurinn

,:Hver er það? Hver er þar?

Býflugur í rósagarðinum,:

Sjáið þær fljúga inn á milli greinanna,
til að finna aðra flugu´að vinna.

,:Ef það finnst önnur skipta þær um stað,:

,:Kasdársá, kasdársá, bitít rozu dárziná!,:

Lozná, bitít, cauri zaru zariem,

caur, zaru zariem, cauri lapu lapám.

,:Ja citu atrod, liec to savá vieta,:

VORLÖG

Allra veðra von

Allra veðra von, ég geng af stað
með bros á vör, úlpa og gúmmískór,
ég renni upp í háls.

Í gegnum hríðarbyl, frostbitnar kinnar
og kaldar tær, glaður greikka spor
og sigli beitivind.

*Sama á hverju dynur, feta mína leið,
þó það fenni yfir sporin, það gerir
ekkert tilþví á morgun kemur vorið,
á morgun verður aftur hlýtt,
það verður aftur hlýtt.*

Allra veðra von, í morgunskímu,
ég legg úr vör, úlpa og gúmmískór,
ég renni upp í háls.

Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð
:,:um sólina, vorið og land mitt og þjóð:,:

En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð,

:,:hún leiðir mig, verndar

og er mér svo góð:,:

Ef gæti ég farið sem fiskur um haf,

:,:ég fengi mér dýrustu perlur og raf:,:

Og rafið ég geymdi og gæfi ekki braut,

:,:en gerði henni mömmu

úr perlunum skraut:,:

Ef kynni' ég að sauma ég keypti mér lín,

:,:og klæði mér gerði mér snotur og fín:,:

En mömmu úr silki ég saumaði margt, :,:úr

silfri og gulli, hið dýrasta skart:,:

Komdu út að leika

Hæ, komdu út að leika,

því að veðrið er gott.

Sólin svo skær, hátt á himni hlær,

ljúfur er sumarblær.

Krakkarnir bíða við húsvegginn,

komdu og vertu með!

Allir hlaupa'um holt og hæðir,

gaman, saman!

Fallin spýtan og feluleik,

flugdreki á fleygiferð. Allir hlaupa...

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
kveða burt leiðindin það getur hún.

Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.

Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni'ekki hót.

Hún hefur sagt mér að vaka og vinna,
vonglaður taki nú sumrinu mót.

Með vindinum þjóta skúraský

Með vindinum þjóta skúra ský.

Drýpur drop, drop,drop,

drýpur drop,drop,drop.

Og droparnir hníga og detta á ný.

Drýpur drop, drop, drop,

drýpur drop, drop, drop.

Nú smáblómin vakna eftir vetrarblund.

Drýpur drop, drop,drop,

drýpur drop, drop, drop.

Þau augun sín opna er grænkar grund.

Drýpur drop, drop, drop,

drýpur drop, drop, drop.

Sá ég spóa

Sá ég spóa suður í flóa,
syngur lóa úti í móa,
bí, bí, bí, bí,
vorið er komið víst á ný.

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni.
Við skýin erum bara að kíkja
á leiki mannanna.
Við skýin sjáum ykkur hlaupa.... í rokinu!
Klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans!
Við skýin erum bara grá, bara grá.
Á morgun kemur sólin,
hvað verður um skýin þá?

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
:,:Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg:,: Hey!

Vikivaki

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.

Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.

Vorvísá (sænskt þjóðlag)

Límúlímúlíma,
svo mun sólin skína.
*Yfir hæðir og dal,
yfir fjallanna sal,
yfir engi og hlíð á sumartíð.*

Bráðni fönn í blænum,
bruni vötn að sænum.
Yfir hæðir og dal...

Vakni vor í runni,
vaki bros á munni.
Yfir hæðir og dal...

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla, hlustaðu á,
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjallasal.

Zum gali

:,:Zum gali, gali, gali,
zum gali, gali:,:
Úti morgunsólin skín,
skipar öllum út til sín.
Saman leikum og syngjum lag
eftir langan erfiðisdag.

HIN OG ÞESSI LÖG

Allir hafa eitthvað til að ganga á

*Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.
Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.*

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær.
Músin hefur margar smáar
en ormurinn hefur ansi fáar.

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga.
Krókódíllinn kjaftinn ljóta,
sá er klár að láta sig fljóta.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótum ganga trúðarnir.
Á hnúum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Ég er rauður, lítill héri

Ég er rauður, lítill héri
og sjáðu hvað ég geri:
Ég hoppa og skoppa
og sný mér svo í hring.
Svo kann ég líka að klappa,
með fótunum að stappa.
Er ofsa klár að telja:
einn og tveir og þrír.

Ég segi stopp

Ef þú stríðir öðrum ælta ég að segja stopp!
Ef þú hrekkir aðra ætla ég að segja stopp!
Þú stríðir öllum hinum,
hótar mínum vinum,
þú æpir og þú lemur fólk.
Þú eltir og þú stríðir
svo öðrum illa líði, hættu!
Ég segi stopp x4

Ef þú stríðir öðrum ælta ég að segja stopp!
Ef þú hrekkir aðra ætla ég að segja stopp!
Þú hermir eftir öllum,
hlýðir engum köllum,
þú æpir og þú lemur fólk.
Þú hrekkja vilt og pína
og segist vera að grína, hættu!
Ég segi stopp! X4

Glaðasti hundur í heimi

*Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi!
Mér er klappað á hverjum degi
og ég er að fíla það!
Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi!
Lífið henti í mig beini
og ég ætla að naga það!*

Ég hoppa út um holt og hóla,
bæði gelti og spangóla.
Í dag ég ætla mér bara að dóla!
Ég er frjálst og engum háður,
bæði elskaður og dáður.
Í hundaskóla lífsins hef ég margar gráður.

Bak við kjötbúðina slóra,
hitti Konráð B. og Óla.
Þeir láta mig fá pulsu svaka stóra.
Ég ætla niður í fjöru að skreppa,
gá hvort ég finni aðra seppa.
Ef ég sé hundsross
læt ég hann ekki sleppa!

Inni í skógi

∴:Inni í skógi, í skuggaskógi,
þar sefur ljón í nótt∴:

∴:Aí, læðumst létt á tá∴:

Nærri þorpi, já, litlu þorpi,
þar liggur ljón í nótt.
Nærri þorpi, já, litlu þorpi,

Þar lúrir ljónið rótt.

Hægan, hægan, ei hræddur vertu,
því ljónið sefur rótt.

Hægan, hægan, já, enga hræðslu,
því ljónið sefur rótt.

Kópavogslagið

Þar sem grasið græna breiðir
sína slæðu yfir fold;

Þar sem rætur spinna þræði
og hjarta tengist mold.

Þar sem bærinn skartar fögrum
hópi drengja' og fljóða,
hér á ég heima í voginum góða.

Þegar glaður veifar granni,
býður mér að koma inn.
Þegar kossi fylgir kveðja;
„Velkominn vinur minn“
Þegar kvölda kemur engill
mér vinarhönd að bjóða,
þá er ég heima í voginum góða.

Nú er fagrir söngvar óma
og sólin bjarta skín;
Nú er tónar blíðir hljómar,
ég hugsa hlýtt til þín.
Nú er ástin vefur andann
inn í fagra sveiflu ljóma,
Hér á ég heima í voginum góða.

Tónlistin er þín

Hugurinn minn flýgur og ferðast út í geim.
Ef ég loka augunum finn ég annan heim!
Og fagrir tónar, rauðir og bláir
sindra'um himininn.

Láttu ekki drunga né depurð á þig fá.
Leyfðu þér að dreyma og ævintýri' að sjá.
Því fagrir tónar, rauðir og bláir,
eiga sitt tungumál!

*Því tónlistin er þín og tónlistin er mín,
við eigum hana saman öll.*

*Hún glæðir okkar mál
og gleður hjarta' og sál,
við eigum hana saman
því systkin erum við.*

Stundum eru orðin svo undarlega tóm.
Þau lifna við og leika við ljúfan barnaróm.
Og fagrir tónar, rauðir og bláir
sindra'um himininn!

Uppi á grænum hól

Uppi' á grænum, grænum, himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu, bomm, bomm,
bomm, boromm, bomm, bomm,
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukall
sem miðaði í hvelli.
En hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu' og héldu velli.

Við erum dropar

Við erum dropar x2
í einu hafi x2
Við erum laufblöð x2
á sama trénu x2
Tengjumst böndum x2
Myndum einingu allra á jörð.
Stefnum að því saman, þú og ég!

Allar þjóðir x2
sama þjóðin x2
Mannkynið x2
er ein heild x2
Tengjumst böndum...

ÞULUR:

Græn eru lafin

Græn eru lafin og grasið sem grær,
glóðin er rauð og eldurinn skær.
Fífill og Sóley eru fagurgul að sjá,
fjöllin og vötnin og loftin eru blá.
Hvítur er Svanur sem syndir á tjörn,
svartur er hann Krummi og öll hans börn.

Kroppaklapp 1

Með höndunum gerum við

;,:klapp, klapp, klapp;,: x3

Með fótunum gerum við

;,:stapp, stapp, stapp;,: x3

Til skiptis gerum við

;,:klapp, klapp, stapp, stapp;,:

Klapp, stapp, klapp, stapp,

klapp, klapp, hey!

Krummi anginn

Hvað er nú það, sem er svart, svo svart?

Svart en segir þó ekki margt,

nema krunk og krá,

krunk, krunk og krá.

Og við vitum þá

að hann þarf að fá,

hann þarf að fá,

að hann þarf að fá eitthvað í svangin!

Það er hann krummi, anginn!

DANS:

Hristihrist

;,:Og upp, hristihristihristi,
hristítíhrist.

Og niður, hristihristihristi,
hristítíhrist;,:

;,:Hrista fram og aftur

og hliðar saman hliðar;,:

Og svo í hring x4